

119. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn 16. apríl 2021

Fundargerð

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Þráinn Lárusson. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð 118. fundar stjórnar til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt.

2. Boð á ársfund StarfA

Framkvæmdastjóri kynnti boð á ársfund StarfA þann 28.apríl. Mun Guðrún Áslaug Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri fara með umboð Austurbrúar á fundinum.

3. Undirbúningur ársfundar

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Lagt til að ársfundur yrði færður til 3.júní og var það samþykkt af stjórn. Stefnt er að staðarfundi á Egilsstöðum.

4. Markaðssetning fyrir beint flug

Framkvæmdastjóri kynnti samstarf Austurbrúar, Markaðsstofu Norðurlands, Isavia og Íslandsstofu tengt millilandaflugi. Gerður hefur verið samningur á milli Íslandsstofu og ANR sem veitir 15 millj. kr. á ári í þennan sameiginlega hluta verkefnisins til þriggja ára. Fyrir liggja drög að samningi við Austurbrú og Markaðsstofu Norðurlands um ákveðna verkhluta og fjárveitingu til þeirra upp á 8 millj. kr. Er þetta verulega lægri fjárveiting en verkefni í landshlutunum hafa fengið undanfarin ár og nemur lækkunin um 12 millj. kr á hvorn landshluta á milli ára.

5. Græni dregillinn

Framkvæmdastjóri kynnti Græna dregilinn, samstarfsverkefni Íslandsstofu og ANR. Umræður stjórnar um áherslur Austurlands í þessu verkefni.

6. Staða ýmissa verkefna

Framkvæmdastjóri sagði mikið að gera í verkefnum Austurbrúar þessa dagana og fór yfir stöðuna á helstu verkefnum. Þá sagði hún prófatíð í gangi og nemendarými mikið nýtt.

7. Önnur mál

Áfangastaðastofa.

Framkvæmdastjóra falið að boða fund með Ingu Hlín ráðgjafa og sveitarstjórunum til að fara yfir verkefni og þróun tengt áfangastaðastofu.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 14:30